



## **Stjórnarfundur FFM 5. sept 2012 - Fundargerð**

**Staður og stund:** Garðavegi 6, kl. 19:30.

### **Mætt voru:**

Gunnar Ellert Geirsson formaður, Berglind Ósk Sigurðardóttir (sem bauð upp á brauð og súpu), Guðrún Heiða Guðmundsdóttir, Guðrún Ben, Jóhanna Árnadóttir, gjaldkeri og Þórey Óladóttir.

### **Eftirfarandi atriði voru rædd**

#### **Félagsgjöld:**

Ekki hefur reynst mögulegt að lækka innheimtukostnað vegna félagsgjalda, en stjórn hefur fundist þetta allt of hátt gjald. Ákveðið var að nýta þjónstu Landsbankans áfram. Rætt var við aðra bankastofnun í þessu sambandi.

#### **Möguleikar á útikennslusvæði:**

Skrúðgarðurinn hefur verið nefndur í þessu sambandi og ákveðið að ræða við skólastjórnendur um stefnumótun í þessum málum. Gunnar ræðir við skólastjórnendur um málið.

#### **Spjall með Edda skólastjóra:**

Eddi skólastjóri kíkta í heimsókn þar sem hlutverk FFM í starfi vetrarins var rætt á breiðum grunni. Ýmsar hugmyndir að viðburðum og þátttöku FFM í þeim. Eddi kynnti einnig nýjar áherslur í skólastarfinu og fór yfir stöðuna almennt.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 20:30

Fundargerð ritaði Gunnar Ellert.